

## 21. maí 2019

Fundur nr. 4 á árinu 2019 í aðalstjórn Vestra, haldinn kl. 18:00 að Fagraholti 12, á heimili formanns.

Þetta er fyrsti fundur stjórnar eftir aðalfund, sem haldinn var 30 apríl sl. Á aðalfundi varð sú breyting á stjórn að Pétur Markan gekk út stjórn og Jóna Lind Kristjánsdóttir varð aðalmaður í hans stað, en hún var áður varamaður í stjórn. Nýr í varastjórn er Þorsteinn Þránínsson.

Mættir eru; Hjalti Karlsson, Sigurður Hreinsson, Gísli Jón Hjaltason, Jóna Lind Kristjánsdóttir, Guðfinna Hreiðarsdóttir, Jónas Gunnlaugsson, Sólrún Geirsdóttir og Þorsteinn Þránínsson.

### Gengið til dagskrár:

#### 1. Verkaskipting stjórnar.

Guðni Guðnason var kjörinn áfram gjaldkeri.

Guðfina Hreiðarsdóttir var kjörinn áfram varaformaður.

Sigurður Hreinsson var kjörinn áfram ritari.

#### 2. Önnur mál.

Rætt um að senda þurfi inn til HSV, ósk um uppbyggingarsamning vegna endurbóta í Vallarhúsinu. Skila þarf inn umsókn um uppbyggingarsamning fyrir þann 27 maí. Formaður tekur að sér að gera greinargerð og senda til HSV.

Formaður kynnti að hann hafi mætt á fund Skíðafélagsins vegna áhuga á því að kannað yrði hvort fýsilegt væri að skíðafélagið gerðist deild í Vestra. Málið verður í skoðun hjá Skíðafélaginu næsta árið eða svo.

Rætt um ferðastyrki ÍSÍ. Ljóst að sameiningin og tilurð Vestra sem fjölgreinafélag er að skila iðkendum umtalsverðum upphæðum í ferðastyrki, vegna reiknireglu sem umbunar stærri félögum.

Það skal sérstaklega fært til bókar, að Jónas náði markmiðum sínum á þessum stjórnarfundum, sem voru þau að ná stjórnarfundum með Gísla Jóni.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 21:15

Fundargerð ritaði Siggi Hreins.